

Mánudaginn 23. febrúar 1998.

Nr. 77/1998.

Lögreglustjórnin í Reykjavík

(Egill Stephensen saksóknari)

gegn

Jónasi James Norris

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, c-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.
Dómarar. Mannréttindasáttmáli Evrópu.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 18. febrúar 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 19. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 18. febrúar 1998, þar sem varnaraðila var gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 18. mars nk. kl. 13. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Hann krefst einnig kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst þess, að úrskurður héraðsdóms verði staðfestur.

Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðnum 18. febrúar 1998, var varnaraðili dæmdur í 18 mánaða fangelsi, en til frádráttar dæmdri refsivist kom gæsluvarðhald, sem hann hefur sætt frá 22. janúar 1998. Dóminn kvað upp Guðjón St. Marteinsson héraðsdómari. Við uppkvaðningu dómsins lýsti varnaraðili yfir, að hann tæki sér lögmæltan áfrýjunarfrest, og fór sóknaraðili þá fram á með vísan til 106. gr. laga nr. 19/1991, að varnaraðila yrði gert að sæta gæsluvarðhaldi, meðan á þeim fresti stæði. Var beiðnin í beinu framhaldi tekin fyrir af Arnfríði Einarsdóttur dómarafulltrúa, sem kvað upp hinn kærða úrskurð.

Í greinargerð til Hæstaréttar telur varnaraðili meðal annars, að dómarafulltrúi hafi ekki mátt kveða upp hinn kærða úrskurð, eftir að aðalmeðferð hófst. Varnaraðili vísar í því sambandi til 2. mgr. 6. gr. laga nr. 92/1989 um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í hér-

aði, eins og því ákvæði var breytt með 1. gr. laga nr. 80/1995, og 6. gr. samnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sbr. lög nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu.

Umrædd ákvörðun um gæsluvarðhald yfir varnaraðila var ekki beinn þáttur í meðferð máls ákærvaldsins á hendur honum. Sú sérstaka takmörkun, sem er sett í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 92/1989 með áorðnum breytingum við því, að dómarafulltrúi fari með opinbert mál, eftir að það kemur til aðalmeðferðar, kemur því ekki til álita í þessu máli, en til þess er jafnframt að líta, að farið var með málið samkvæmt 125. gr. laga nr. 19/1991, og kom það því aldrei til aðalmeðferðar. Fyrirnefnda lagaákvæðið girðir ekki fyrir, að fulltrúi við héraðsdómstól kveði upp gæsluvarðhaldsúrskurð, sbr. meðal annars dóm Hæstaréttar frá 1995, bls. 1673. Þá verður ekki talið, að 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu standi þeirri niðurstöðu í vegi. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 18. febrúar 1998.

Ár 1998, miðvikudag 18. febrúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Arnfríði Einarsdóttur dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur með vísan til 106. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála krafist þess, að Jónasi James Norris, kt. 230762-5549, Bárugötu 22, Reykjavík, verði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi, meðan á áfrýjunarfresti stendur í máli hans.

Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðnum í dag, var framangreindur Jónas dæmdur til átján mánaða fangelsisvistar fyrir brot gegn 244. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 20. gr. sömu laga, að því er varðar ákeruliði II og IV. Til frádráttar refsingu komi gæsluvarðhaldsvist dómfellda frá 22. janúar 1998.

Við uppkvaðningu dómsins tók dómfelldi sér frest til að kveða á um áfrýjun.

Samkvæmt 106. gr. laga nr. 19/1991 lýkur gæsluvarðhaldi, þegar dómur hefur verið kveðinn upp í máli. Eftir kröfu ákæranda getur dómari þó úrskurðað, að gæsluvarðhald skuli haldast, meðan á áfrýjunarfresti stendur.

Dómfelldi hefur sætt gæsluvarðhaldi á grundvelli c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 vegna þeirra brota, sem hann hefur nú verið dæmdur fyrir. Er því um skilyrði 106. gr. framangreindra laga að ræða, og verður dómfellda gert að sæta gæsluvarðhaldi, meðan á áfrýjunarfresti stendur, þó eigi lengur en til miðvikudagsins 18. mars nk. kl. 13.00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Dómfelldi, Jónas James Norris, sæti gæsluvarðhaldi, meðan á áfrýjunarfresti dómfellda stendur, þó eigi lengur en til miðvikudagsins 18. mars nk. kl. 13.00.
